



Reglur um innritun og dvöl barna í leikskólum Kópavogs

Leikskólinn er fyrsta skólastigið í menntakerfinu. Leikskólinn er á forsendum barnsins, en leitast er við að hafa sem mestan sveigjanleika í dvalartíma barnanna til að koma til móts við óskir foreldra. Grundvallaratriði er þó að það komi ekki niður á börnunum og leikskólamenntun þeirra.

Umsókn:

Sækja þarf um leikskóladvöl fyrir barn, sem þá skráist á biðlista eftir aldri þess. Sótt er um á vef <http://www.kopavogur.is/>

Skilyrði fyrir leikskóladvöl er að barn eigi lögheimili í Kópavogi, en barnið getur verið á biðlista þó lögheimili sé annars staðar.

Innritun:

Börn raðast á biðlista eftir aldri og er sérstakur biðlisti fyrir hvern leikskóla. Foreldrar merkja við einn leikskóla sem aðalumsókn og allt að tvo til vara. Einnig er hægt að merkja við „hvaða leikskóla sem er“. Börnum er almennt einungis boðin dvöl í þeim leikskólum sem sótt er um, nema foreldri merki við „hvaða leikskóla sem er“.

Röð á biðlista ræður hver er næstur inn og ganga eldri börn fyrir yngri börnum. Ýmislegt, t.d. forgangur eða að einungis er laust rými fyrir ákveðinn aldur eða dvalartíma, getur haft áhrif.

Taki foreldri dvöl fyrir barn sitt í öðrum leikskóla en það óskaði eftir fær það að jafnaði ekki flutning í leikskóla í aðalvali fyrr en í upphafi næsta skólaárs.

Reynt er að bjóða börnum dvöl í sínu skólahverfi og úthluta börnum á öðru aldursári dvöl í þeim leikskólum sem hafa bestu aðstæðurnar til að taka við ungum börnum. Eldri börnum á biðlista er þá boðin dvöl annarsstaðar.

Leitast er við að systkini fái dvöl í sama leikskóla en aldur barna á biðlista ræður ávallt innritun.

Forgangur:

Samkvæmt innritunarreglum má sækja um forgang í leikskóla Kópavogs vegna:

1. Barna sem eru orðin fjögurra til fimm ára.
2. Fatlaðra barna og barna með alvarleg þroskafrávik. Vottorð frá viðurkenndum greiningaraðila skal fylgja umsókn.
3. Barna sem búa við erfiðleika í félagsumhverfi.
 - a. Barnaverndarmál. Vottorð frá Velferðarsviði skal fylgja umsókn.
 - b. Alvarleg veikindi eða fötlun hjá nánustu fjölskyldumeðlimum barnsins. Vottorð frá lækni eða öðrum opinberum aðilum, s.s. Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins, skal fylgja umsókn. Ef gögn liggja fyrir á skrifstofu Menntasviðs er nóg að vísa í þau, nafn og kennitala þarf að fylgja.
 - c. Börn foreldra undir lögaldri.
 - d. Börn einstæðra foreldra með þrjú börn eða fleiri undir níu ára aldri á framfæri.
 - e. Þrífura.

4. Barna starfsfólks í leikskólum Kópavogs

Starfsmenn leikskóla geta sótt um forgang í leikskóla Kópavogs, svo fremi leikskólastjóri mæli með forgangnum. Láti starfsmaðurinn af störfum áður en komið er að barni hans á biðlista, missir barnið forgangsrýmið og hættir um leið og starfsmaðurinn.

Deildarstjóri leikskóladeildar úrskurðar um forgang í samráði við viðeigandi starfsmenn leikskóladeildar. Leikskóladvöl barns með forgang hefst í fyrsta lagi við tólf mánaða aldur.

Dvöl:

Leikskólarnir eru opnaðir kl. 7:30 árdegis og lokaðir kl. 17:00 síðdegis. Daglegur dvalartími stendur á heilli eða hálfri klukkustund og heimilt er að skipta hálfri klukkustund í 2x15 mínútur. Ef að hausti er ekki óskað eftir dvöl fyrir fleiri en þrjú börn í byrjun og/eða enda dags, er heimilt að hafa skólann lokaðan sem því nemur. Gildir sú ákvörðun leikskólaárið. Hvert barn hefur ákveðinn dvalartíma dag hvern, fjórar til níu klukkustundir. Skal við það miðað að börn komi og fari innan dvalartíma.

Öll börn taka þátt í þeim máltíðum sem falla innan dvalartíma þeirra.

Óski foreldrar eftir breytingu á dvalartíma metur leikskólastjóri hvort og hvenær hægt sé að verða við óskinni. Breyting á dvalartíma miðast við mánaðamót, en sé gerð undantekning og dvalartíma breytt á öðrum tíma er greiðsla fyrir viðbót leiðrétt um næstu mánaðamót. Meginreglan er sú að umsóknarröð um lengingu gildir, en leikskólastjórum er heimilt að taka tillit til aðstæðna barnsins/foreldra, aðstæðna á deildum og aldurs barna.

Búi foreldrar ekki saman hefur það foreldri sem barnið á lögheimili hjá heimild til að velja leikskóla. Ef foreldrar óska eftir tímabundinni, fyrirfram ákveðinni styttingu á dvalartíma t.d. vegna fæðingarorlofs, eða atvinnumissis, er orðið við þeirri beiðni. Foreldrum er jafnframt tryggð lenging í upprunalegan dvalartíma þegar starf hefst að nýju.

Ef um sérstakar óskir foreldra um dvalartíma er að ræða skoðar leikskólastjóri þær og metur hvort hægt er að verða við þeim. Leikskólastjóri tekur tillit til aðstæðna á deildinni s.s. barnahópsins, fjölda dvalarstunda, barngilda og starfsmanna sem fyrir eru á deildinni, aldurs barnsins og tengsla þessi við önnur börn og starfsmenn. Dvalargjald reiknast þá hlutfallslega. Nám barna og vellíðan er alltaf forgangsráði.

Dvalargjald:

Dvalargjöld reiknast samkvæmt gildandi gjaldskrá.

Einstæðir foreldrar, öryrkjar með metna örorku 75% eða meira og námsmenn þar sem báðir foreldrar eru í fullu námi greiða lægra gjald. Einstæðir foreldrar og öryrkjar framvísa vottorði þegar dvalarsamningur er útfylltur. Námsmenn þurfa að framvísa vottorði til staðfestingar um námsárangur eftir hverja önn og kemur þá afsláttur til framkvæmda næsta mánuð/mánuði. Afsláttur til námsmanna gildir ekki 1. júní til 31. ágúst, nema foreldrar séu í fullu sumarnámi. Við útreikning á afslætti fyrir einstæða foreldra er stuðst við upplýsingar úr þjóðskrá. Ekki er veittur afsláttur afturvirk, nema í tilviki námsmannaafsláttar sbr. ofangreint.

Almennt reiknast gjald á það foreldri sem barnið á lögheimili hjá. Óski einstæðir foreldrar eftir breytingu á því þurfa þeir báðir að undirrita beiðnina.

Systkinaafsláttur er veittur í samræmi við gildandi gjaldskrá.

Foreldrum ber að tilkynna um breytta stöðu sem hefur áhrif á greiðslu dvalargjalds.

Kópavogsbær greiðir ekki fyrir barn sem dvelur í leikskóla í öðru sveitarfélagi samtímis því að halda rými í Kópavogi.

Uppsagnarfrestur:

Gagnkvæmur uppsagnarfrestur er einn mánuður og miðast við fyrsta eða fimmtánda dag hvers mánaðar. Skuldi foreldrar þrjá mánuði er barninu sagt upp leikskóladvöl.

Samkomulag milli bæjarfélaga á höfuðborgarsvæðinu kveður á um að börnum sem flytja milli sveitarfélaganna sé heimilt að dvelja áfram í leikskóla í því bæjarfélagi sem flutt er úr í allt að tólf mánuði frá flutningi lögheimilis. Sé barn á lokaári í leikskóla eða það er fatlað og sú þjónusta sem það þarf á að halda er ekki til staðar í nýja bæjarfélaginu geta tímamörk verið rýmri. Nýja bæjarfélagið greiðir kostnað við leikskóladvöl barnsins samkvæmt viðkomandi gjaldskrá.

Endurskoðað 22.október 2018